

Upplýsingar fyrir nemendur

Kæri nemandi

Við hlökkum til að fá þig í skólabúðirnar á Úlfljótavatni!

Til að auðvelda þér undirbúning fyrir ferðina höfum við sett saman smá upplýsingar fyrir þig.

Vinsamlegast skoðaðu þær vel (helst með einhverjum fullorðnum líka) svo þú vitir hvað er best að koma með og á hverju þú mátt eiga von.

Mikilvægt er að nemendur séu vel útbúnir fyrir útivist þar sem stór hluti dagskrár fer fram utandyra, óháð veðri. Regnþolinn fatnaður og skór eru því forsenda þess að nemendum líði vel utandyra ef rignir.

Fatnaður:

- | | |
|---|---|
| <input type="checkbox"/> Hlý útiföt (vatns- og vindheld) | <input type="checkbox"/> Hlý peysa / millilag |
| <input type="checkbox"/> Góðir skór fyrir útivist (helst vatnsheldir) | <input type="checkbox"/> Regnföt |
| <input type="checkbox"/> Aukaskór / inniskór | <input type="checkbox"/> Nóg af skiptifatnaði |
| <input type="checkbox"/> Nærföt og sokkar (helst þykkir líka) | <input type="checkbox"/> Svefnfatnaður |

Svefn og hreinlæti:

- | | |
|---|------------------------------------|
| <input type="checkbox"/> Svefnpoki/sæng og koddur | <input type="checkbox"/> Handklæði |
| <input type="checkbox"/> Snyrtivörur eftir þörfum (t.d. sjampó) | |
| <input type="checkbox"/> Tannbursti og tannkrem | |

Annað sem gott er að hafa:

- | | |
|--|---|
| <input type="checkbox"/> Vettlingar og húfa | <input type="checkbox"/> Vatnsbrúsi |
| <input type="checkbox"/> Hárteygjur / sólgleraugu (eftir þörfum) | <input type="checkbox"/> Vasaljós/höfuðljós |

MUNIÐ:

- Merkið allan fatnað og eigur nemenda
- Ekki taka með verðmæti - engin ábyrgð er tekin á fjármunum
- Ekki þarf að hafa með nesti - nóg er af góðum mat á Úlfljótavatni
- Ef nemandi þarf sérstakt mataræði þarf að tilkynna það tímanlega
- Mikilvægt er að nemendur séu undirbúnir fyrir útiveru í öllum veðrum
- Ef nemandi er haldinn sjúkdómi eða kvilla, eða þarf að taka lyf reglulega, verður forráðamaður að gera bekkjarkennara grein fyrir því.

Við sjáumst svo hress eftir nokkra daga!
Kveðja, starfsfólkið á Úlfljótavatni

